


Frjómælingar á Akureyri og í Garðabæ í ágúst 2016

Fréttatilkynning frá Náttúrufræðistofnun Íslands, 7. ágúst 2016

Akureyri. Bilun varð í frjógildrunni á Akureyri, þann 24. ágúst og komst ekki í lag fyrr en 1. september. Niðurstöður mælinga sýna því væntanlega lægri frjótölur en voru í raun. Heildarfrjótala fyrir ágúst mældist 1595 frjó/m³ sem er mun hærra en meðaltal árána 1998–2015, sem er 845 frjó/m³. Á þeim síðustu 18 árum sem mælingar hafa staðið á Akureyri hafa aðeins einu sinni áður mælst fleiri frjókorn í ágústmánuði og var það var árið 2003 (1604 frjó/m³). Það met hefði líklega fallið í ár ef mælitæki hefðu ekki bilað.

Súrufrjó mældust 11 daga mánaðarins en lítið í hvert skipti. Hæsta frjótalan var einungis 2 frjó/m³ og er heildarfrjótala fyrir ágúst 14 frjó/m³, sem er nálægt meðalári.

Grasfrjó komu í gildruna alla daga sem mælingar náðu yfir. Heildarfjöldi fór í 1488 frjó/m³ jafnvel þó að átta mælingadaga vanti en meðalfrjótala grasa í ágúst 1998–2015 er 776 frjó/m³. Frjótala grasa fór sjö sinnum yfir 100 frjó/m³. Hún fór hæst í 232 frjó/m³ þann 6.ágúst.




Myndritið sýnir grasfrjó, súrufrjó og heildarfrjótölu á Akureyri í ágúst. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofts viðkomandi sólarhring.



Garðabær. Heildarfrjöldi frjókorna í ágúst reyndist undir meðallagi eða rúmlega 300 frjó/m³. Það er næstlægsta frjótala síðan mælingar hófust en lægst var hún árið 2013.

Súrufrjó mældust lítið eftir miðjan mánuðinn og var heildarfrjótala þeirra í ágúst 14 frjó/m³ sem er nálægt meðalári.

Grasfrjó í ágúst mældust einungis 238 frjó/m³ og hafa þau aðeins einu sinni áður mælst lægri frá því að mælingar hófust eða árið 2013. Grasfrjó mældust þó alla daga nema tvo og fór frjótalan einu sinni yfir 50 í mánuðinum, það var þann 7.ágúst þegar hún fór í 78 frjó/m³.



Myndritið sýnir grasfrjó, súrufrjó og heildarfrjótölu í Garðabæ í ágúst. Frjótala er mælieining fyrir fjölda frjókorna í andrúmsloftinu og segir okkur hver meðalfjöldi frjókorna var í einum rúmmetra lofts viðkomandi sólarhring

Frjógildirnar á Akureyri og í Garðabæ munu standa út september en að öllum líkindum verður mjög lítið um frjókorn það sem eftir er árs á báðum stöðum. Frjótölur fyrir gras munu uppfærast í september á vef Náttúrufræðistofnunar Íslands um leið og þær liggja fyrir á slóðinni:

http://www.ni.is/media/frjomaelingar/heima_gras2016.htm

Vinsamlega hafið samband við undirritaða ef óskað er frekari upplýsinga.

Garðabæ, 7.september 2016

Ellý R. Guðjohnsen

Netfang elly@ni.is

www.ni.is

